

Magastóma

hjá börnum



Magastóma hjá börnum

Þessi bæklingur fjallar um magastóma, umhirðu þess og meðhöndlun og um það að vera með magastóma.

Eðlilega vakna margar spurningar hjá foreldrum þegar ákvörðun hefur verið tekin um að gera magastóma hjá barni. Bæklingnum er ætlað að svara algengum spurningum um þessi mál og vonandi draga upplýsingarnar úr óöryggi og kvíða sem fylgir því að barn þarf að fá magastóma.

Áður en barnið fer heim eftir aðgerðina fá foreldrar ítarlega fræðslu um stómað og meðferð þess og einnig viðtal við næringarráðgjafa sem fræðir um næringagjöf í stóma.

Foreldrar fá auk þess afhentar skriflegar leiðbeiningar varðandi slöngunæringu, slöngusettingu og næringardælu.

Ef eitthvað er óljóst er starfsfólk spítalans alltaf reiðubúið að greiða úr því.

Starfsfólk Barnaspítala Hringins

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Hvað er magastóma (gastrostomy)? | 3 |
| Hvers vegna þarf barnið magastóma? | 3 |
| Hvernig er magastóma komið fyrir? | 4 |
| Veldur þetta sársauka? | 5 |
| Hvenær má barnið fara í bað og sund? | 5 |
| Hvernig er hnappnum komið fyrir? | 6 |
| Hversu oft þarf að skipta um hnapp? | 6 |
| Hve langan tíma tekur umhirða á magastóma? | 7 |
| Getur barnið borðað og drukkið á eðlilegan hátt? | 7 |
| Hvers konar næringu er hægt að gefa í slönguna/hnappinn? | 8 |
| Á að gefa næringu í magastómað á ákveðnum matartímum? | 9 |
| Áhöld til næringargjafar | 9 |
| Hvað er millislanga? | 10 |
| Hvaða atriði skipta máli þegar barni er gefin næring í magastóma? | 10 |
| Hvernig á að meðhöndla slöngunæringu? | 10 |
| Má gefa lyf í magaslönguna/hnappinn? | 11 |
| Hvernig er best að hreinsa slöngur og áhöld? | 11 |
| Hvernig tilfinning er það þegar verið er að gefa næringu í magastóma? | 12 |
| Hvað ef barnið verður þyrst? | 12 |
| Finnur barnið bragð? | 13 |
| Finnur barnið fyrir svengdar- og mettunartilfinningu? | 13 |
| Getur barnið kastað upp á sama hátt og áður? | 13 |
| Sjá aðrir að barnið er með magastóma? | 14 |
| Verður magastómað alltaf þarna? | 14 |
| Er hætt á að hnappurinn leki? | 15 |
| Er hætt á að magaslangan eða hnappurinn festist í fötum og detti út? | 15 |
| Hvar er hægt að fá nýjan hnapp? | 15 |
| Hvaða vandamál geta hugsanlega komið upp? | 16 |
| Hvenær er ástæða til að leita aðstoðar? | 17 |
| Hvar er hægt að fá aðstoð ef vandamál koma upp? | 17 |
| Vinsamlega athugið | 18 |
| Heimildir | 18 |

Hvað er magastóma (gastrostomy)?

Orðið stoma kemur úr grísku og merkir munnur eða op og orðið gastro merkir magi. Þegar barn getur ekki nærst á fullnægjandi hátt getur verið nauðsynlegt að gera magastóma. Magastóma er op sem liggur frá maganum og út á húðina á kviðnum. Í þetta op er fyrst sett slanga sem kallast PEG slanga (stendur fyrir Percutan Endoscopic Gastrostomy). Henni er síðan skipt út fyrir svokallaðan MIC-KEY hnapp (hér eftir talað um hnapp). Ef barn getur, af einhverjum ástæðum, ekki nærst um munn er eftir þessa aðgerð hægt að gefa því næringu og vökva beint inn í magann í gegnum magaslönguna eða hnappinn.

Magastóma getur verið annað hvort tímabundið eða langtíma úrræði.

Hvers vegna þarf barnið magastóma?

Sum börn, sem eru með vöðva- og taugasjúkdóma, eiga í erfiðleikum með að borða vegna slappleika í vöðvum sem notaðir eru við að tyggja og kyngja. Matmálstímar geta tekið mjög langan tíma og í stað þess að vera ánægjustundir fjölskyldunnar þá verða þeir að streitutíma sem tekur næstum allan daginn. Magastóma getur dregið úr þessu vandamáli og tryggt að barnið sem er að vaxa sé ávallt vel nært án þess að í það fari of mikill tími og orka.

Börn með vöðva- og taugasjúkdóma eiga einnig stundum í sérstökum erfiðleikum með að kyngja. Matur og drykkur á það til að fara ranga leið niður þannig að í stað þess að fara niður í maga, fer hann niður í lungu. Ef það gerist oft er mikil hætta á öndunarfarasýkingum og barnið þyngist ekki sem skyldi. Magastóma er einföld og árangursrík leið til að komast hjá þessum vandamálum þar sem næringin fer þá beinustu leið inn í magann.

Börn sem eru í krabbameinsmeðferð nærast oft illa vegna lystarleysis og einnig vegna sára og eymsla í munnslímhúð. Magastóma getur verið tímabundin lausn fyrir þessi börn.


Börn með hjartasjúkdóma eiga oft erfitt með að fá þá næringu sem þau þarfnast vegna þess að þau mæðast mikið við að borða. Magastóma getur ýmist verið tímabundin eða langtíma lausn fyrir þau.

Magastóma getur einnig verið lausn fyrir börn með meðfæddan galla á meltingafærum sem veldur því að þau geta ekki nærst á fullnægjandi hátt.


Hvernig er magastóma komið fyrir?

Barnið er lagt inn á barnaskurðdeild á Barnaspítala Hringins. Aðgerðin er gerð á skurðstofu og barnið er svæft á meðan. Þetta tekur um það bil 30 mínútur. Ekki er um eiginlega skurðaðgerð að ræða þar sem magastómað er gert með magaspeglun. Aðgerðin felst í því að gerður er lítill skurður á húðina og inn í magann. Skurðurinn er í flestum tilfellum gerður þannig að farið er með magaspeglunartæki gegnum munn barnsins og niður í maga. Ljós á enda speglunartækisins lýsir í gegnum húðina og kviðvegginn þar sem skurðurinn er gerður.

Mynd 1



Í aðgerðinni er komið fyrir magaslöngu sem kallast PEG slanga. Maginn er festur við kviðvegginn og magaslangan er sett í opið (stómað). Magaslangan er úr ljósu, mjúku plasti og á enda hennar er eins konar hringlaga “diskur” sem kemur í veg fyrir að slangan renni út. Utan á kviðnum er hún skorðuð með sérstakri festingu.



Barnið liggur inni á barnadeild í um 1-2 sólarhringa eða þangað til að ljóst er hvernig gengur að gefa því næringu um slönguna. Fyrsta sólarhringinn er byrjað á því að gefa sykur/salt lausn í magaslönguna. Ef það gengur vel er gefin slöngunæring sem hæfir aldri barnsins.

Veldur þetta sársauka?


Fyrst eftir aðgerðina getur barnið fundið fyrir örlitlum sársauka sem hægt er að meðhöndla með vægum verkjalyfjum. Að öðru leiti ætti barnið að vera eins og það á að sér. Eftir að magastómað er fullmótað finnur barnið varla fyrir því að það sé þarna.

Hvenær má barnið fara í bað og sund?

Barnið má fara í bað 2-3 dögum eftir aðgerð. Þegar magastómað er orðið fullmótað er ekkert sem mælir gegn því að fara í sund. Gætið þess aðeins að hnappurinn sé vel lokaður.

Hvernig er hnappnum komið fyrir?

Eftir 6-8 vikur er magastómað fullmótað og þá er PEG slöngunni skipt út fyrir svokallaðan hnapp. Hnappurinn er gerður úr glæru, mjúku plasti. Á enda hnappsins er lítil blaðra sem fyllt er með 4-6 ml af vatni (magnið fer eftir stærð barnsins). Blaðran kemur í veg fyrir að hnappurinn renni út



Hnappurinn er settur í á göngu-deild. Barninu er fyrst gefið verkjalyf/ róandi lyf vegna þess að örlítill sársauki fylgir því þegar magaslengan er fjarlægð. Það tekur aðeins eina mínútu að fjarlægja magaslönguna og koma hnappnum fyrir. Barnið getur farið heim samdægurs.

Hversu oft þarf að skipta um hnapp?

Það getur þurft að skipta um hnapp á um það bil 6 mánaða fresti en það er þó mismunandi eftir tegundum. Þegar hnappurinn eldist getur blaðran inni í honum farið að leka og dregist saman.

Heilsugæslujúkrunarfræðingur sem hefur fengið þjálfun til þess getur skipt um hnapp en einnig hafa margir foreldrar lært að gera þetta sjálfir. Það tekur aðeins um eina mínútu að skipta um hnapp og því fylgir hvorki hætta, óþægindi né sóðaskapur eins og margir óttast.

Hve langan tíma tekur umhirða á magastóma?

Venjulega tekur umhirðan mjög lítinn tíma. Halda þarf húðinni umhverfis magaslönguna og hnappinn hreinni.

- Þvoðu húðina umhverfis magaslönguna/hnappinn daglega með vatni og mildri sápu.
- Notið gjarnan tækifærið um leið og barnið fer í bað. Gott er að nota eyrnapinna til að hreinsa næst opinu.
- Þurrkið með handklæði og látið lofta um húðina umhverfis magaslönguna/hnappinn áður en barnið er klætt í föt.
- Um leið og þvegið er á að snúa magaslöngunni/hnappnum 1/2 úr hring.
- Hafið samband við hjúkrunarfræðing eða lækni ef vart verður við eymsli, roða eða vessa í kringum magastómað. Þetta geta verið einkenni um sýkingu eða ofholdgun.

Getur barnið borðað og drukkið

á eðlilegan hátt?

Ef ástæðan fyrir magastómanu er sú að mjög langan tíma tekur að gefa barninu að borða eða að barnið þyngist illa vegna sjúkdóms eða krabbameinsmeðferðar, þá er í lagi að barnið fái áfram að borða og drekka á venjulegan hátt samhliða slöngunæringunni. Með magastómanu er tryggt að barnið fái það magn af hitaæiningum og næringarefnum sem það þarfnast.

Ástæðan fyrir magastómanu getur einnig verið sú að barnið á við kyngingarörðugleika að stríða þannig að matur og drykkur fari oft niður í lungu. Þá er mikilvægt að fyrirmæli lækni liggi fyrir um það hvort óhætt sé að gefa barninu að borða samhliða slöngunæringunni.

Meltingarlæknir eða næringarráðgjafi getur mælt með ákveðnum fæðutegundum eða drykkjum sem óhætt er fyrir barnið að drekka.

Stundum getur verið öruggast að hætta allri næringu um munn. Þetta þarf þó ekki að vera endanleg ákvörðun en fylgjast þarf með kyngingunni og ef breyting verður þar á er hægt að endurskoða ákvörðunina.

Hvers konar næringu er hægt að gefa í slönguna/hnappinn?

- Börnum sem eru yngri en eins árs er oftast gefin brjóstamjólk eða þurrmjólk í magaslönguna/hnappinn.
- Mælt er með því að nota tilbúna slöngunæringu fyrir börn sem eru eldri en eins árs. Þannig er tryggt að barnið fái næringu við sitt hæfi. Tilbúin slöngunæring inniheldur rétt hlutfall af næringarefnum, hitaeiningum, vítamínum og steinefnum.
- Sumar tegundir af slöngunæringu innihalda einnig trefjar til að viðhalda reglulegri hægðalosun þar sem barnið getur ekki borðað ávexti, grænmeti eða aðra trefjaríka fæðu.
- Meltingarlæknir eða næringarráðgjafi gefur fyrirmæli um hvaða tegund og hve mikið magn af slöngunæringu barnið á að fá.
- Ráðlagt er að halda sig við þá slöngunæringu sem mælt hefur verið með til þess að koma í veg fyrir að magaslangan/hnappurinn stíflist.


Á að gefa næringu í magastómað

á ákveðnum matartímum?


Magaslönguna/hnappinn er hægt að nota hvenær sem það hentar. Hægt er að gefa slöngunæringuna með því að nota 50 ml sprautu eða með næringardælu (sjá leiðbeiningar um Flocare Micromax 200i næringardælu) sem sér um að dæla slöngunæringunni í gegnum slöngusettt sem tengt er við magaslönguna/hnappinn (sjá mynd). Sumum hentar að fá slöngunæringuna á ákveðnum matmálstímum á meðan öðrum hentar betur að fá næringuna jafnt og þétt yfir sólarhringinn eða aðeins yfir nóttina.

Fjölskyldunni getur þótt notalegt að sitja saman til borðs og borða þó svo að einn fjölskyldumeðlimurinn fái sinn mat aðallega í gegnum magastóma. Ef barnið má fá næringu um munn þá getur það t.d fengið eitthvað að drekka á meðan aðrir í fjölskyldunni eru að borða. Þarfir hvers og eins eru einstaklingsbundnar og ákvarðanir eru teknar í samræmi við það.


Áhöld til næringargjafar



MIC-Key hnappur með millislöngu og sprauta tengd við millislönguna til að gefa slöngunæringu.



Næringardæla með slöngusetti og slöngunæringu í poka.

Mynd 6

Hvað er millislanga?

Millislanga er slanga sem tengd er við hnappinn þegar verið er að gefa barninu slöngunæringu.

Hvaða atriði skipta máli þegar barni er gefin næring í magastóma?

- Byrjið á því að þvo ykkur um hendurnar.
- Látið barnið sitja á meðan næring er gefin ef það er hægt.
- Gefið barninu fyrst að borða mat sem hæfir aldri og getu þess ef hægt er og ef læknirinn mælir með því.

Athugið að það er mikilvægt að bursta áfram tennur barnsins þó svo að það geti ekkert borðað, bæði til þess að halda tönnunum hreinum og einnig til þess að örva munninn. Þetta á við hvort sem magastómað er hugsað sem langtíma eða skammtíma úrræði.

Hvernig á að meðhöndla slöngunæringu?

Sjá leiðbeiningar um uppsetningu á Nutri Pack kerfinu.

- Slöngunæringin þarf að vera við stofuhita þegar hún er gefin.
- Brjóstmjólk, þurrmjólk og slöngunæring sem hefur verið opnuð má ekki vera lengur en 4 klst. í stofuhita (það getur skapað hættu á bakteríuvexti).
- Pakkning með slöngunæringu sem hefur verið opnuð, geymist í 24 klst. í kælikáp.

Athugið að það þarf að hita hana í örbylgjuofni (gætið þess að ofhita ekki) eða vatnsbaði áður en hún er notuð.

Má gefa lyf í magaslönguna/hnappinn?

Ef gefa þarf lyf á þann hátt þarf að skola magaslönguna/hnappinn á undan og á eftir með volgu vatni. Athugið að einungis er hægt að gefa lyf á fljótandi formi í slönguna/hnappinn. Töflur þarf að leysa vel upp í volgu vatni.

Hvernig er best að hreinsa slöngur og áhöld?

Þegar næringargjöf er lokið þarf að skola í gegnum magaslönguna/hnappinn með u.þ.b. 20 ml af vatni (vatnsmagnið getur verið mismunandi eftir aldri barnsins). Að lokum er 5 ml af lofti dælt gegnum magaslönguna (ekki hnappinn) því vatn á ekki að vera eftir í slöngunni.

Ef notað er sérstakt ílát (t.d. peli) fyrir slöngunæringu sem gefin er með dælu, þá er hægt að þvo það upp á sama hátt og önnur matarílát, hvort sem er í höndunum eða uppþvottavél. Þessi ílát þarf að þvo vel á milli gjafa. Sum ílát eru aðeins notuð í sólarhring.

Ef slöngusetið er notað er byrjað á því að skola í gegnum það með köldu vatni, síðan er skolað með heitu vatni þangað til það er orðið hreint. Tæmið allt vatn úr og geymið settið í kæli. Slöngusetið má nota í heimahúsi í tvo sólarhringa.

Ef sprauta er notuð við næringargjöf þarf að þvo hana úr mildu sápuvatni eftir hverja máltíð. Skolið vel og látið þorna með því að láta loft

leika um. Skiptið eftir þörfum þegar sprautan er orðin treg, rispuð eða óþétt. Ef næringin rennur illa inn er hægt að skola með kolsýrðu vatni (t.d Toppur eða Egils Kristall) í stað venjulegs vatns eftir að næringargjöf er lokið. Á eftir er lofti dælt í gegnum magaslönguna eins og útskýrt er hér á undan.

Millislangan er hreinsuð á eftirfarandi hátt þegar hún er ekki tengd við hnappinn:

- Notið sprautu og skolið með köldu vatni í gegnum slönguna.
- Skolið slönguna síðan með mildu sápuvatni.
- Skolið að lokum með volgu vatni.
- Að síðustu er lofti sprautað í gegnum slönguna
- Slangan er geymd í plastpoka í ísskápnum.
Skipt um slöngu eftir þörfum.

Hvernig tilfinning er það þegar verið er að gefa næringu í magastóma?

Flestir taka ekki eftir neinu. Ef næringin er hins vegar gefin of hratt þá fer barnið að kvarta um óþægindi alveg eins og það hafi borðað of mikið og of hratt. Ef þetta gerist þá er einfaldlega hægt að hægja á hraðanum þegar slöngunæringin er gefin (sjá leiðbeiningar um Flocare Micromax 200i næringardælu - Samfellt innrennsli).

Hvað ef barnið verður þyrst?

Í flestum tilfellum er í lagi að gefa barninu að drekka eins og áður. Ef lækni hefur hins vegar mælt gegn því, þá er hægt að gefa vökva í magaslönguna/hnappinn ef barnið er þyrst. Ef gefa þarf mikið magn af vökva er hægt að fá vatn í samskonar umbúðum og tilbúna slöngu-

næringin er í. Það er þá gefið með næringardælu á sama hátt og slöngunæringin.

Finnur barnið bragð?

Bragðlaukarnir eru á tungunni þannig að barnið finnur ekki bragð af því sem gefið er í magastómað. Sumir segjast finna bragð ef þeir ropa eftir að þeim hefur verið gefin næring í magastómað. Sumir geta áfram borðað samhliða slöngunæringunni, þó svo að það sé í mun minna magni. Þeir geta því fundið bragð af mat eftir sem áður.

Lyf sem bragðast illa er hægt að gefa í magaslönguna/hnappinn. Þannig getur magastóma verið verulegur ávinningur fyrir barnið, því hægt er að tryggja að það fái rétt magn af lyfi á réttum tíma.

Finnur barnið fyrir svengdar- og mettunartilfinningu?

Maginn mun áfram fyllast og tæmast á sama hátt og áður og barnið mun verða svangt og satt eins og áður.

Getur barnið kastað upp á sama hátt og áður?

Í flestum tilfellum getur barn með magastóma kastað upp á sama hátt og áður og það eru mikilvæg viðbrögð þegar barninu líður illa og líkaminn þarf að losa sig við eitthvað úr maganum.

Í sumum tilfellum hefur læknir mælt með aðgerð þar sem vöðvarnir í kringum efra magaopið eru þrengdir þannig að matur renni ekki

auðveldlega til baka frá maganum og upp í vélindað (vélindabakflæði). Þetta er venjulega gert þegar hætta er á að matur renni til baka og berist upp í lungun og valdi þar skaða. Áður en þessi ákvörðun er tekin getur læknirinn fyrst þurft að gera svokallaða sýrustigsmælingu (pH mælingu) til að sjá hversu mikið magainnihald rennur til baka upp í vélindað. Barn sem farið hefur í aðgerð, þar sem vöðvarnir í kringum efra magaopið hafa verið þrengdir, á erfiðara með að kasta upp. Ef barnið er með magastóma þá er hægt að tæma magainnihald í gegnum magastómað þegar því líður illa og þarf að kasta upp.

Í einstaka tilfellum getur magastóma aukið vélindabakflæði og sum börn þurfa síðar að fara í aðgerð þar sem vöðvarnir í kringum efra magaopið eru þrengdir.

Sjá aðrir að barnið er með magastóma?

Hnappurinn er mjög fyrirferðalíttill og hulinn fatnaði þannig að enginn tekur eftir því nema þeim sé sýnt það. Þegar barnið er bert, til dæmis í sundi, þá sést hnappurinn. Fólk hefur fundið ýmsar leiðir til að minna beri á honum. Börn geta hulið hann með sundfötum og unglingar geta hulið hann með breiðum plástri ef ástæða þykir til.

Verður magastómað alltaf þarna?

Magastóma getur verið annað hvort tímabundið eða langtíma úrræði og fer það eftir því hvaða ástæður liggja þar að baki. Í sumum tilfellum getur magastómað verið eins konar varaskeifa sem ekki þarf að nota daglega. Ef hins vegar er tekin ákvörðun um að taka hnappinn þá grær magastómað á örskömmum tíma og skilur aðeins eftir sig lítið ör.

Er hættu á að hnappurinn leki?

Í hnappnum er einstreymisloki sem kemur í veg fyrir að næring geti runnið til baka þegar verið er að gefa næringu í hann.

Örlítill leki kemur meðfram flestum hnöppum sem strjúka má burt með rakri bómullargrisju. Vökvinn sem lekur frá maganum ertir gjarnan húðina í kringum magastómað og því er mikilvægt að hreinsa allan leka og jafnvel setja krem til að verja húðina.

Venjulega er lekinn það líttill að hann nær ekki að gera bletti í fatnað. Ef lekinn er verulegur þá gæti það verið merki um að vökvinn hafi lekið úr blöðrunni á hnappnum og því sé kominn tími til að skipta um hnapp eða þá að hnappurinn er ekki af rétttri stærð. Í báðum tilvikum er hægt að leita ráða hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi til að fá lausn á vandamálinu.

Er hættu á að magaslangan

eða hnappurinn festist í fötum og detti út?

Mjög litlar líkur eru á því, þar sem magaslangan er skorðuð með eins konar diskum og hnappurinn er skorðaður með vökvafylltri blöðru. Þar sem magastómað er mjög lítið op, þarf vatnið í blöðrunni að tæmast algjörlega til að hnappurinn renni út.

Hvar er hægt að fá nýjan hnapp?

Tryggingastofnun ríkisins gefur út skírteini á nafn viðkomandi barns sem gildir sem greiðsla fyrir slöngusettum, millislöngum, hnöppum og öðrum fylgihlutum við framvísun í apóteki.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir fyrir tilbúna slöngunæringu það sem er umfram ákveðna fjárhæð fyrir hvern mánaðarskammt.

Hvaða vandamál geta hugsanlega komið upp?

Stundum getur myndast sár, ofholdgun eða sýking í húðinni umhverfis magastómað eða að húðin verði svolítið stíf eða hörð. Það er því mikilvægt að fylgjast með húðinni umhverfis magastómað um leið og hún er hreinsuð og biðja hiklaust hjúkrunarfræðing eða lækni að skoða húðina ef þið hafið áhyggjur af því hvernig hún lítur út.

Barnið getur fengið magaverk, uppköst eða niðurgang ef of mikil næring er gefin á of stuttum tíma. Sérstök hætta er á þessu ef maginn er ekki vanur að fá mikið magn í einu. Næringarskema ætti að ræða í samvinnu við meltingarlækni, næringarráðgjafa eða hjúkrunarfræðing þannig að hægt sé að byggja upp þol á skipulegan hátt.

Ef barnið sýnir einkenni um vanlíðan þegar verið er að næra það, til dæmis magaverki, ógleði eða uppköst þarf að hafa samband við sjúkrahúsið (Sjá einnig: Úrlausnir vandamála - leiðbeiningar frá næringarráðgjafa).

Ef næringin rennur illa inn getur verið gott að skola með kolsýrðu vatni (t.d Toppi eða Egils Kristal) í stað venjulegs vatns eftir að næringargjöf er lokið. Skolið síðan í gegn með venjulegu vatni. Á eftir er lofti dælt í gegnum magaslönguna eins og útskýrt er hér á undan.

Ef magaslangan eða hnappurinn rennur af einhverjum orsökum út, þarf strax að setja nýja slöngu eða hnapp í staðinn. Það verður að gerast innan einnar til tveggja klukkustunda þar sem magastómað dregst auðveldlega saman.

Aukahnappur ætti ætíð að vera til taks. Ef hann er ekki til má reyna að setja gamla hnappinn í gatið og festa hann með plástri þannig að hann renni ekki út, þar til hægt er að setja nýjan hnapp í. Einnig er hægt að bjarga sér með því að setja grófan þvaglegg (foley legg með blöðru) sem hægt er að skorða ef enginn hnappur er við höndina.

Hvenær er ástæða til að leita aðstoðar?

- Ef magaslangan eða hnappurinn rennur af einhverjum orsökum út þarf strax að setja nýja slöngu eða hnapp í staðinn.
- Ef barnið sýnir einkenni um vanlíðan til dæmis magaverki, ógleði eða uppköst í tengslum við næringargjöf.
- Ef vart verður við eymsli, roða, vessa eða ofholdgun í kringum magastómað.

Hvar er hægt að fá aðstoð ef vandamál koma upp?

Hjúkrunarfræðingur á göngudeild Barnaspítala Hringins veitir aðstoð í síma: 543 3716, mánudaga og miðvikudaga kl. 8-14 og þriðjudaga og fimmtudaga kl. 8-16. Einnig er hægt að hafa samband við næstu heilsugæslustöð.

Ef þú ert með fleiri spurningar eða ef þú vilt ræða frekar um þessar upplýsingar skaltu hafa samband við göngudeildna í síma: 543 3716 eða 543 3060, tölvupóstur: margerna@landspitali.is

Vinsamlega athugið

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ,ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna

Heimildir

Barbro Johansson og Sigrún Þóroddsdóttir, 1997.

Information om Gastrostomi, PEG och MIC-KEY knapp.

<http://www.muscular-dystrophy.org/information/info.htm>

Velja care og síðan Gastrostomy



ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
BARNASVIÐ Í NÓVEMBER 2004

ÁBYRGÐARAÐILI OG HÖFUNDUR TEXTA:

MARGRÉT ERNA BALDURSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

FAGLEGAR RÁÐLEGGINGAR:

LÚTHER SIGURÐSSON SÉRFRÆÐINGUR Í MELTINGARLÆKNINGUM BARNA

HÖNNUN: GAGNASMIÐJA/AV

LJÓSMYND: VIGFÚS BIRGISSON